REGLUGERÐ

um sérstakt tímabundið vörugjald.

I. KAFLI
Sérstakt vörugjald.

1. gr.

Á tímabilinu 17. júlí til 31. desember 1975 skal greiða í ríkissjóð sérstakt 12% vörugjald: **12% sérstakt vörugjald.**

1. Af tollverði innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum.
2. Af verksmiðjuverði innlendrar framleiðsluvöru og innfluttrar vöru, sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi.

II. KAFLI
Innflutningur.

2. gr.

Við innflutning eftirtalinna vöruflokka er gjaldið innheimt við tollafgreiðslu en flokkunin fylgir flokkunarreglum tollskrárlaga nr. 6/1974: **Gjaldskyldar innfluttar vörur.**

Tollskrárnúmer:

01.06.29	09.04.00	11.08.02	17.02.01
03.01.01	09.05.00	11.08.03	17.02.02
04.06.00	09.06.00	11.08.09	17.02.03
04.07.00	09.07.00	11.09.00	17.02.09
05.13.00	09.08.00	12.01.10	17.03.09
06.02.01	09.09.00	12.01.20	17.04.01
06.02.09	09.10.00	12.01.30	17.04.03
06.04.01	11.01.11	12.01.40	17.04.04
06.04.09	11.01.12	12.01.50	17.04.05
07.02.00	11.01.23	12.01.60	17.04.09
07.03.00	11.01.24	12.01.70	17.05.00
07.04.00	11.01.25	12.01.80	18.06.09
07.06.00	11.01.26	12.02.00	19.02.09
08.01.40	11.02.10	12.04.00	19.03.00
08.03.20	11.02.22	12.08.00	19.04.01
08.04.21	11.02.23	12.09.00	19.04.09
08.04.22	11.02.29	12.10.00	19.05.00
08.10.00	11.02.30	13.03.03	19.08.00
08.11.00	11.03.01	17.01.10	(Þó aðeins sæl-
08.12.01	11.03.09	17.01.21	gæti og súkku-
08.12.02	11.04.00	17.01.22	laðikex, sem
08.12.03	11.05.01	17.01.23	yfirleitt er selt
08.12.09	11.05.09	17.01.24	í stykkjatölu til
08.13.00	11.06.09	17.01.25	neytenda.)
09.03.00	11.08.01	17.01.26	20.01.00

Tollskrárnúmer:

20.02.02	33.06.19	40.14.07	48.14.03
20.02.09	34.05.03	40.14.08	48.14.09
20.03.00	34.05.09	40.14.19	48.15.01
20.04.00	34.07.00	40.16.09	48.15.02
20.05.00	35.03.09	41.06.00	48.15.03
20.06.00	36.01.00	41.07.00	48.15.05
20.07.01	36.02.00	41.08.00	48.15.09
20.07.09	36.03.00	41.10.00	48.21.01
21.05.01	36.04.00	42.03.03	48.21.02
21.07.05	36.07.00	42.05.03	48.21.04
21.07.06	36.08.00	42.06.00	48.21.19
21.07.07	37.01.09	44.02.00	55.03.01
21.07.08	37.02.02	44.03.52	58.01.00
21.07.09	37.02.09	44.03.59	58.02.01
22.01.01	37.03.00	44.04.10	58.02.09
22.02.00	37.04.00	44.04.20	59.02.02
22.03.00	37.05.01	44.05.19	59.06.02
22.10.00	37.05.09	44.09.09	59.06.09
25.01.01	37.06.00	44.10.00	59.08.03
25.02.00	38.11.00	44.11.00	59.09.02
25.04.00	38.14.00	44.13.11	59.11.02
25.10.00	38.17.00	44.13.19	59.11.09
25.12.09	38.19.11	44.13.29	59.15.00
25.14.00	38.19.12	44.16.00	59.16.00
25.15.00	38.19.15	44.17.00	59.17.00
25.19.00	39.01.01	44.22.09	62.05.01
25.24.00	39.01.09	44.25.09	62.05.04
25.29.00	39.02.92	44.28.99	62.05.05
25.30.00	39.02.99	45.01.00	62.05.06
25.31.00	39.03.29	45.02.00	62.05.07
25.32.00	39.04.09	45.03.09	62.05.08
27.08.20	39.05.09	45.04.02	64.01.09
27.10.71	39.06.09	45.04.03	64.05.01
27.11.01	39.07.34	45.04.09	64.06.00
27.11.09	39.07.36	46.01.00	65.01.00
27.14.10	39.07.63	46.02.02	65.02.00
27.14.20	39.07.67	46.02.09	65.04.00
27.15.00	39.07.71	46.03.09	65.06.09
27.16.00	39.07.73	48.01.40	65.07.00
29.04.21	40.05.09	48.07.86	66.01.00
30.01.00	40.08.09	48.07.87	66.02.00
30.02.00	40.09.01	48.07.93	66.03.00
30.03.01	40.09.09	48.07.94	67.01.00
30.03.09	40.11.01	48.07.99	67.02.00
30.05.00	40.11.02	48.08.00	67.03.00
32.10.00	40.11.09	48.10.00	67.04.00
32.13.20	40.12.00	48.11.00	67.05.00
33.06.02	40.13.01	48.12.00	68.03.00
33.06.04	40.14.04	48.13.00	68.04.00
33.06.06	40.14.05	48.14.01	68.05.00
33.06.08	40.14.06	48.14.02	68.06.00

Tollskrárnúmer:

68.08.09	73.23.02	76.13.02	84.02.00
68.09.00	73.24.00	76.15.01	84.06.21
68.10.01	73.25.01	76.15.02	84.06.23
68.10.09	73.25.09	76.16.03	84.06.24
68.12.01	73.26.00	76.16.04	84.06.29
68.12.02	73.27.01	76.16.19	84.08.21
68.12.09	73.27.02	77.02.00	84.08.29
68.13.01	73.29.02	77.03.00	84.08.31
68.13.09	73.29.09	77.04.00	84.08.39
68.14.00	73.32.00	78.04.09	84.09.00
68.16.01	73.33.00	78.05.00	84.10.01
68.16.09	73.34.00	78.06.02	84.10.04
69.04.00	73.35.00	78.06.09	84.10.06
69.05.00	73.36.01	79.04.00	84.10.09
69.07.00	73.36.02	79.05.00	84.11.09
69.08.00	73.36.03	79.06.01	84.12.00
69.09.00	73.36.09	79.06.02	84.13.09
69.10.00	73.38.11	79.06.03	84.15.11
69.11.00	73.38.19	79.06.09	84.15.20
69.12.00	73.38.23	80.05.00	84.15.31
69.14.00	73.38.29	80.06.02	84.15.39
70.11.00	73.39.01	80.06.09	84.17.20
70.12.00	73.39.09	82.01.09	84.18.21
70.13.00	73.40.43	82.08.00	84.18.22
70.14.02	73.40.46	82.09.01	84.18.24
70.14.03	73.40.59	82.09.09	84.18.25
70.14.09	74.05.09	82.10.00	84.18.29
70.15.00	74.07.09	82.11.01	84.19.01
70.16.00	74.08.00	82.11.09	84.19.02
70.17.09	74.10.00	82.12.01	84.19.03
70.18.00	74.13.00	82.12.09	84.22.03
70.19.00	74.15.00	82.13.01	84.22.04
70.20.20	74.16.00	82.13.09	84.22.09
70.20.32	74.17.00	82.14.00	84.23.01
70.20.39	74.18.01	82.15.00	84.23.02
70.21.09	74.18.09	83.01.01	84.23.03
71.13.01	74.19.02	83.01.02	84.23.04
71.13.09	74.19.03	83.01.05	84.23.09
71.14.01	74.19.09	83.01.09	84.25.01
71.14.09	75.04.00	83.02.03	84.40.12
71.15.00	75.06.02	83.02.09	84.40.14
73.10.12	75.06.03	83.03.09	84.40.19
73.10.13	75.06.09	83.04.00	84.40.21
73.10.21	76.03.01	83.05.09	84.40.29
73.13.51	76.04.00	83.06.00	84.51.01
73.16.20	76.06.09	83.08.00	84.51.09
73.17.00	76.07.00	**83.10.00**	84.52.01
73.18.29	76.10.01	**83.11.00**	84.52.02
73.18.32	76.11.00	**83.13.04**	84.52.03
73.18.39	76.12.00	**83.13.09**	84.52.09
73.20.00	76.13.01	84.01.00	

Tollskrárnúmer:

84.53.00	85.15.23	90.09.09	92.11.02
84.54.01	85.15.32	90.10.02	92.11.09
84.54.09	85.15.39	90.10.09	92.12.01
84.55.01	85.16.00	90.11.00	92.12.03
84.55.02	85.17.01	90.12.00	92.12.09
84.55.09	85.17.09	90.13.00	92.13.01
84.56.01	85.19.03	90.14.09	92.13.09
84.56.09	85.19.05	90.16.00	93.01.00
84.58.00	85.19.07	90.17.10	93.02.00
84.59.24	85.19.09	90.17.20	93.03.00
84.59.26	85.20.00	90.18.00	93.04.03
84.59.29	85.21.01	90.20.00	93.04.09
84.61.09	85.21.09	90.21.00	93.05.00
84.62.00	85.22.20	90.23.01	93.06.10
84.63.03	85.23.01	90.23.02	93.06.20
84.63.09	85.23.09	90.23.03	93.07.10
84.64.00	85.25.00	90.23.09	93.07.22
84.65.09	85.26.00	90.24.01	93.07.29
85.01.05	85.27.00	90.24.09	94.01.01
85.01.06	85.28.00	90.25.00	94.01.02
85.01.09	87.01.12	90.26.10	94.02.00
85.02.00	87.01.19	90.26.21	95.01.00
85.03.09	87.02.32	90.26.29	95.02.00
85.05.00	87.04.10	90.27.09	95.03.00
85.06.01	87.04.21	90.28.09	95.04.00
85.06.02	87.04.22	90.29.09	95.05.00
85.06.03	87.04.29	91.01.00	95.06.00
85.06.04	87.06.09	91.02.00	95.07.00
85.06.09	87.07.00	91.03.00	95.08.09
85.07.02	87.09.00	91.04.00	96.02.02
85.07.03	87.10.00	91.05.00	96.02.04
85.07.04	87.12.10	91.06.00	96.04.00
85.07.09	87.12.20	91.07.00	96.05.00
85.08.00	87.13.02	91.08.00	96.06.00
85.09.00	87.14.01	91.09.00	97.04.01
85.10.09	87.14.03	91.10.00	97.04.02
85.12.01	87.14.09	91.11.00	97.04.09
85.12.02	90.01.01	92.01.00	97.05.00
85.12.03	90.01.09	92.02.00	97.06.01
85.12.04		92.03.09	97.06.02
85.12.05	90.03.00	92.04.01	97.06.09
85.12.06	90.04.09	92.04.09	97.07.01
85.12.07	90.05.00	92.05.00	97.08.00
85.12.09	90.06.00	92.06.00	98.03.00
85.13.00		92.07.01	98.04.00
85.14.00	90.07.04	92.07.09	98.05.00
85.15.11	90.07.09	92.08.00	98.06.01
85.15.12	90.08.01	92.09.00	98.06.09
85.15.21	90.08.09	92.10.00	98.08.00
85.15.22	90.09.01	92.11.01	98.09.00

Tollskrárnúmer

98.10.00	98.14.00	98.16.00
98.11.00	98.15.00	99.06.00

3. gr.

Við innflutning gjaldskyldra vara er gjaldið lagt á cif verð vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum og vörugjaldi skv. ákvæðum laga nr. 97/1971. Gúmmígjald skv. lögum nr. 79/1974 og byggingariðnaðargjald skv. lögum nr. 64/1964 skal þó ekki teljast gjaldstofn við útreikning á hinu sérstaka vörugjaldi við innflutning. **Gjaldstofn innfluttra vara.**

Eigi skal greiða sérstakt vörugjald af þeim vörum, sem aðflutningsgjöld ber að greiða af samkvæmt almennum ákvæðum tollskrárlaga en undanþegnar hafa verið gjöldum eða gjöld lækkuð skv. ákvæðum 3. gr. sömu laga. Sama gildir um vörur sem undanþegnar eru aðflutningsgjöldum skv. heimild í 21. gr. laga nr. 11/1975 eða heimildum í sérstökum lögum.

Þegar vara er flutt inn til eigin nota eða neyslu innflytjanda og söluskattur er innheimtur við tollafgreiðslu reiknast hið sérstaka vörugjald sem söluskattsstofn.

4. gr.

Innflytjendur og aðrir, sem selja hráefni og aðrar efnivörur til innlendra framleiðenda, skulu við sölu á vörum, sem sérstakt vörugjald hefur verið greitt af við tollafgreiðslu, færa söluna á sérstaka sölureikninga eða -nótur og tilgreina þar fjárhæð vörugjalds. **Endursala til framleiðenda.**

III. KAFLI
Innlend framleiðsla.

5. gr.

Þær vörur, sem taldar eru upp í 2. gr. þessarar reglugerðar og framleiddar eru hér á landi eða fá einhverja vinnslumeðferð eða eru pakkaðar í neytendaumbúðir hér á landi, eru gjaldskyldar til sérstaks vörugjalds. **Gjaldskyld innlend framleiðsla.**

Meðal gjaldskyldrar innlendrar framleiðslu er þessi:

Sælgæti hvers konar, þar með talið súkkulaðikex sem yfirleitt er selt í stykkjatali til neytenda.

Öl og gosdrykkir, ávaxtasafi, grænmetissafi, saft og aðrir óáfengir drykkir.

Aldinsulta, aldinhlaup og aldinmauk.

Niðursoðið og niðurlagt grænmeti, svo sem grænar baunir, gulrætur, rauðrófur, agúrkur og blandað grænmeti.

Gólfteppi og dreglar.

Rafmagnsheimilistæki.

Gjaldskyldan nær einnig til ýmissa innfluttra vara, sem pakkaðar eru í neytendaumbúðir hér á landi, svo sem sykurs, kartöflumjöls, rúgmjöls og annarra mjölvara, þurrkaðs grænmetis, krydds, ediks og edikslíkis.

Að öðru leyti vísast til 2. gr. reglugerðar þessarar.

6. gr.

Hið sérstaka vörugjald reiknast á verksmiðjuverð en með verksmiðjuverði er átt við söluverð frá verksmiðju eða framleiðanda án álagningar fyrir sölu- og dreifingarkostnaði en að meðtöldu gjaldi skv. ákvæðum laga nr. 97/1971. **Gjaldstofn innlendra framleiðsluvara.**

Þegar almenn verðlagning framleiðenda er miðuð við heildsöluverð reiknast hið sérstaka vörugjald 12% á 89.3% heildsöluverðsins en það svarar til 10.7% á heildsöluverðið án nokkurs frádráttar á kostnaði svo sem umboðs- eða sölulaunum, afslætti eða öðrum gjöldum. Þegar selt er með söluskatti reiknast gjaldið á vöruverðið án söluskatts en hið sérstaka vörugjald myndar stofn til söluskatts.

Gjald af innlendum framleiðsluvörum reiknast við sölu eða afhendingu gjaldskyldra vara frá verksmiðju eða framleiðanda og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram.

Frádráttur. Við skil í ríkissjóð á hinu sérstaka vörugjaldi af innlendri framleiðslu er heimilt að draga frá innheimtu gjaldi af sölu það sérstaka vörugjald, sem framleiðandi hefur sannanlega greitt við kaup á hráefnum og efnivörum til hinnar gjaldskyldu framleiðslu.

7. gr.

Gjaldskyldir aðilar. Gjaldskyldir samkvæmt þessum kafla eru allir þeir sem framleiða eða pakka hér á landi gjaldskyldar vörur hvort sem er til sölu eða til eigin nota.

Gjaldskyldir aðilar skulu ótilkvaddir senda skattstjóra, þar sem þeir eru heimilisfastir, tilkynningu um starfsemi sína. Þeir sem hefja

Tilkynningarskylda. tilkynningarskylda starfsemi eftir gildistöku þessarar reglugerðar skulu senda tilkynningu áður en starfsemin hefst.

Í tilkynningu skal greina nafn og heimili rekstraraðila, firmanafn og hvers konar framleiðslu sé um að ræða.

Skattstjórar skulu hver í sínu umdæmi semja skrá um alla þá sem hafa með höndum gjaldskylda starfsemi.

8. gr.

Reikningar og nótur. Þeir sem framleiða og selja bæði gjaldskyldar og gjaldfrjálsar vörur skulu færa gjaldskylda sölu á sérstakar sölunótur eða -reikninga.

Nóturnar eða reikningarnir skulu bera greinilega með sér hvort sérstakt vörugjald er innifalið í heildarfjárhæðinni.

9. gr.

Bókfærð sala. Allir þeir sem innheimta sérstakt vörugjald skulu haga bókhaldi sínu þannig að skattyfirvöld geti á hverjum tíma gengið úr skugga um réttmæti skýrslna um sérstakt vörugjald.

Þeir sem framleiða og selja bæði gjaldskyldar og gjaldfrjálsar vörur skulu halda hinni gjaldskyldu sölu greinilega aðgreindri í bókhaldi sínu.

10. gr.

Frádráttur. Þeir sem njóta vilja frádráttar frá innheimtu gjaldi af sölu, sbr. 4. mgr. 6. gr., skulu færa það sérstaka vörugjald, sem greitt hefur verið við kaup á hráefnum til gjaldskyldrar framleiðslu, í sérstakan reikning. Niðurstaða þess reiknings færist síðan til frádráttar á skýrslu um sérstakt vörugjald við skil til ríkissjóðs og telst því ekki með hráefnis- eða framleiðslukostnaði og myndar ekki aðstöðugjaldsstofn.

11. gr.

Framtöl. Þeir sem skyldir eru að innheimta sérstakt vörugjald og tilgreindir eru á skrá, sbr. 7. gr., skulu ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs í umdæmi því, þar sem þeir eru heimilisfastir, það sérstaka vörugjald, sem þeim ber að standa skil á. Greiðslum skal fylgja skýrsla á þar til gerðum eyðublöðum um gjaldskylda sölu á uppgjörstíma-

bilinu, þar með talin úttekt til eigin nota, svo og upplýsingar um frádrátt, sbr. 6. og 10. gr., og fjárhæð þess sérstaka vörugjalds sem inna ber af hendi.

12. gr.

Gjalddagar sérstaks vörugjalds af innlendri framleiðslu eru tveir. Gjalddagi vörugjalds í júlí, ágúst og september er 1. nóvember 1975 og gjalddagi vörugjalds í október, nóvember og desember er 1. febrúar 1976. Gjalddagi, eindagi.

Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga, en beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag, færist eindagi á næsta virkan dag á eftir.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

13. gr.

Að því leyti sem ekki er ákveðið í reglugerð þessari um álagningu, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, viðurlög, sektir og aðra framkvæmd varðandi hið sérstaka vörugjald skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði eftirfarandi laga og reglugerða:

1. Að því er tekur til innlendrar framleiðslu skulu gilda ákvæði laga nr. 10/1960 um söluskatt með áorðnum breytingum og reglugerða settra skv. þeim.
2. Að því er tekur til innfluttrar vöru skulu gilda ákvæði laga nr. 6/1974 um tollskrá o. fl. og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit.

14. gr.

Hið sérstaka vörugjald skal greiða af sölu innlendrar framleiðslu frá og með 17. júlí 1975 að telja og af innfluttum vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 17. júlí 1975. Hafi innflytjandi fyrir 17. júlí 1975 afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, skal varan afgreidd án greiðslu hins sérstaka vörugjalds, en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 27. júlí 1975.

Sérstakt vörugjald skal einnig greiða af vörum, sem afhentar hafa verið innflytjendum með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. 21. gr. tollskrárlaga, nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað fyrir 17. september 1975.

15. gr.

Óheimilt er að hækka vegna álagningar hins sérstaka vörugjalds verð á birgðum vöru, sem sérstakt vörugjald hefur ekki verið greitt af.

Ákvæði laga um verðlagsmál nr. 54/1960 um refsingar og viðurlög skulu gilda um brot gegn ákvæðum þessarar greinar eftir því sem við á.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum nr. 65 16. júlí 1975 og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 22. júlí 1975.

Matthías Á. Mathiesen.

Höskuldur Jónsson.